



Fundargerð

187. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, Þriðjudaginn 12. september 2023, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Vignir Steinsson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Almenn mál

1. 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

Tekið fyrir afgreiðslubrэф Skipulagsstofnunar dagsett 31. júlí 2023 þar sem gerðar eru athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags-breytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna forms og efnis deiliskipulags.

Fyrir liggja leiðrétt skipulagsgögn þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að auglýsa að nýju þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagsgögnum. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagið taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda að lokinni afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir Hemruhlíð dagsett 12. júlí 2023.

Tillagan felur í sér 29 sumarhúsalóðir á bilinu 0,51-0,67 ha. Tillagan er í samræmi við auglýsta tillögu að endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verði auglýst en tillagan getur ekki fengið endanlega samþykkt fyrr en endurskoðað aðalskipulag tekur gildi. Skipulagsfulltrúa falið að koma ábendingum um leiðréttingar á skipulagsgögnum til skipulagsráðgjafa.

3. 2309034 - Breytingar á lóðum í Efri-Vík

Lagðar fram tillögur að breytingum á lóðum í landi Efri-Víkur samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

Gerð er breyting á Efri-Vík lóð L192493. Stærð lóðar fer úr 7197 m² í 10,3 ha.

Sameinaðar eru þrjár lóðir úr landi Efri-Víkur í eina. Lóðir sem eru

sameinaðar: L192522, L192493 og L202913. Sameinaðar lóðir falla undir lóðanúmer 192493 og verður eftir sameiningu 8157 m².

Stofnuð er ný lóð úr landi Efri-Víkur L163328, stærð lóðar 2615 m².



Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breyting lóðanna verði samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram

4. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags
Farið yfir stöðu mála.

Fundi slitið kl. 14.59.

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Guðmundur Vignir Steinsson

Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir

Undirritunarsíða

Formaður skipulagsnefndar
Jón Hrafn Karlsson

Skipulagsnefnd
Elín Heiða Valsdóttir

Skipulagsnefnd
Guðbrandur Magnússon

Skipulagsnefnd
Rúnar Þorri Guðnason

Guðmundur Vignir Steinsson